



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2019
R18110254

Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við erindu Hrafnistu um aðkomu að rekstri sundlaugarinnar

Á fundi borgarráðs þann 29. nóvember sl. var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram

Hvernig hyggst Reykjavíkurborg bregðast við erindi Hrafnistu um aðkomu að rekstri sundlaugarinnar?

Svar:

Hjálagt er svarbréf borgarstjóra til forstjóra Hrafnistu í Reykjavík, dags. 21. febrúar sl.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Svar til forstjóra Hrafnistu, ásamt fylgiskjali, vegna erindis um samstarf um sundlaug við Hrafnistu í Reykjavík, dags. 21. febrúar 2019.

Erindi Hrafnistu í Reykjavík og Sjómannadagsráðs, dags. 10. september 2018, um samstarf um sunnaug við Hrafnistu í Reykjavík.



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2019

R18090101

225

Hrafnista, dvalarheimili aldraðra
B.t. Pétur Magnússon, forstjóri.

v/Brúnaveg
104 REYKJAVÍK

Svar við erindi er varðar samstarf um sundlaug við Hrafnistu í Reykjavík

Við er til erindis þíns fyrir hönd Hrafnistu, dags. 10. september 2018, varðandi samstarf um sundlaug við Hrafnistu í Reykjavík. Í erindinu er óskað eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um hvort borgin sé tilbúin til þess að koma að fjármögnun viðgerða og framtíðarrekstur sundlaugarinnar við Hrafnistu í Reykjavík.

Óskað var eftir umsögn frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna erindisins. Í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, sem og í erindi ykkar, kemur fram að heilsufar íbúa á hjúkrunarheimilinu sé þannig að íbúar geta illa nýtt sér sundlaugina við Hrafnistu í Reykjavík. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna viðgerða og rekstur sundlaugarinnar myndi því aðallega nýtast íbúum utan Hrafnistu.

Reykjavíkurborg rekur í dag Laugardalslaug í þessum sama borgarhluta en sú sundlaug nýtist stórum hluta íbúa á svæðinu. Þá var í janúar þessa árs opnuð sundlaug á Hjúkrunarheimilinu Mörk en opnun þeirrar sundlaugar gæti komið til móts við þann hóp sem þyrfti sérhæfðari sundlaug og helst myndi nýta sér sundlaugina við Hrafnistu í Reykjavík. Reykjavíkurborg mun því ekki leggja til fjármagn til viðgerða né reksturs á sundlauginni á Hrafnistu í Reykjavík enda bindur Reykjavíkurborg vonir við að Laugardalslaugin og sundlaugin á Hjúkrunarheimilinu Mörk geti fullnægt þjónustuhörf íbúa í þessum borgahluta.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 10. janúar 2019.

Samrit:


Sjómannaðagsráð, b.t. Hálfán Henrysson, stjórnarformaður.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 10. janúar 2019
VEL2018120016
0.11.4

Ráðhús Reykjavíkur
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK



Umsögn velferðarsviðs varðandi samstarf um sundlaug við Hrafnistu í Reykjavík – R18090101.

Með tölvupósti þann 18. desember 2018, óskaði skrifstofa borgarstjóra og borgarritara eftir umsögn velferðarsviðs um erindi frá Hrafnistu og Sjómannadagsráði, dags. 10. september 2018, varðandi samstarf um sundlaug við Hrafnistu í Reykjavík.

Eins og fram kemur í erindinu gera Sjúkratryggingar Íslands ekki ráð fyrir rekstri sundlaugar á hjúkrunarheimilum og jafnframt kemur fram að heilsufar íbúa hjúkrunarheimila sé með þeim hætti að þeir geti illa nýtt sér sundlaugar, en hvorki Hrafnista né önnur hjúkrunarheimili fá fjármagn til að greiða slíku aðstoðarfólki laun.

Sú ósk að Reykjavíkurborg komi að fjármögnun viðgerða og framtíðarrekstri væri því aðallega til að gera þeim sem búa utan Hrafnistu kleift að nýta upphitaða innilaug.

Velferðarsvið hefur á síðustu árum fengið óformlegar óskir um að Reykjavíkurborg tryggi rekstur sundlaugarinnar frá forstöðumanni þjónustuíbúðakjarna í nágrenninu, sem velferðarsvið rekur og frá forstöðumönnum tveggja sérhæfðra dagdvala fyrir heilabilaða.

Við eftirgrennslan á núverandi þörf er ljóst að íbúar og gestir þjónustuíbúðakjarna og dagdvalar sem eru í nánasta nágrenni Hrafnistu myndu fagna opnun sundlaugar að nýju. Hins vegar þarf að fjármagna bæði viðgerðir á lauginni og greiða rekstrarkostnað. Í upplýsingum frá forstöðumanni almennar og sérhæfðrar dagdvalar í Reykjavík hefur komið fram að við opnun sundlaugar við Hjúkrunarheimilið Mörk í janúar 2019 opnast möguleiki fyrir gesti dagdvala að nýta þá laug. Velferðarsvið telur að sú sundlaug ætti að geta fullnægt þjónustuþörf íbúa í þessum borgarhluta og því sé mikilvægt að láta á það reyna í stað þess að leggja í viðamikinn kostnað á viðgerðum ásamt tilheyrandi rekstrarkostnaði.


Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri



HRAFNISTA

Borgarstjóri Reykjavíkur
Hr. Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík



Reykjavík, 10. september 2018.

Samstarf um sundlaug við Hrafnistu í Reykjavík

Frá árinu 1957 hefur Sjómannadagsráð starfrækt hjúkrunarheimili Hrafnistu við Brúnaveg í Laugarásnum hér í Reykjavík. Þessi blómlega starfsemi stærsta hjúkrunarheimilis landsins samanstendur af rúmlega 200 hjúkrunar- og dvalarrýmum ásamt 30 dagþjálfunarrýmum. Í nágrenninu er svo fjöldi íbúða, sem margar eru ætlaðar fyrir aldraða.

Árið 1997 vígði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi borgarstjóri Reykjavíkur nýja sundlaug við Hrafnistu í Reykjavík. Framkvæmdin var fjármögnuð með framlögum frá Happpdætti DAS, Reykjavíkurborg, Alþjóða flutningasambandinu og framlögum einstaklinga.

Auk sundlaugar eru heitir pottar og eimbað við sundlaugina. Laugin er rúmlega sextán metrar að lengd og sjö metrar að breytt. Við lagina er lyfta sem auðveldar þeim sem eiga erfitt um gang að komast í og úr lauginni.

Til að nýtast sem skyldi var laugin jafnan höfð mun heitari en venjulegar sundlaugar og var henni strax vel tekið af íbúum Hrafnistu sem og íbúum í nágrenninu. Fljótlega eftir opnun kom í ljós að loftræstikerfið virkaði ekki sem skyldi og hafði það slæm áhrif á húsnæðið.

Árið 2014 var svo komið að loka þurfti lauginni af heilsufarsástæðum. Var þá gerð úttekt á stöðu byggingarinnar og var niðurstaðan á þá leið að a.m.k. 50 milljónir kostaði að gera við sundlaugarbygginguna en meðal annars þarf að setja nýtt þak á húsið. Þess utan var rekstrarkostnaður um 10 milljónir á ári sem Reykjavíkurborg styrkti að hluta til. Síðan þá hafa Sjómannadagsráð og Hrafnista skoðað leiðir til að fjármagna viðgerðir á húsnæðinu.

Þegar velferðarráðuneytið gaf út kröfulýsingu hjúkrunarheimila, samhliða rammisamningi Sjúkratryggina Íslands um starfsemi hjúkrunarheimila í lok árs árið 2016, var ljóst að engar sérstakar fjárveitingar verða ætlaðar til reksturs sundlauga á hjúkrunarheimilum.

Jafnframt er raunin sú að íbúar hjúkrunarheimila þurfa á það mikilli þjónustu að halda að aðeins örfáir þeirra geta notað sundlaugar. Rekstur sundlaugar á hjúkrunarheimili er því varla raunhæfur kostur lengur.

Með erindi þessu óska Sjómannadagsráð og Hrafnista eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um hvort borgin sé tilbúin til að koma að fjármögnun viðgerða og framtíðarrekstur, svo sundlaugin geti aftur farið að þjóna sínum tilgangi sem er að bæta lífgæði aldraða.

Virðingarfyllst,


Hálfdan Henrysson
Sjónarformaður
Sjómannadagsráðs


Pétur Magnússon
Forstjóri
Hrafnistuheimilanna

